


Áfangastaðaáætlun DMP á Vesturlandi – minnisblað til FMST 06.12.2017

Vinna við Áfangastaðaáætlun DMP á Vesturlandi er komin á fullt skrið. Verkefnavinnan er unnin á fjórum svæðum á Vesturlandi, þ.e.:

- #1. Akranes og Hvalfjarðarsveit
- #2. Borgarbyggð og Skorradalshreppur
- #3. Snæfellsnes ; þ.e. Eyja-og Miklaholtshreppur, Snæfellsbær, Grundarfjörður, Helgafellssveit og Stykkishólmur
- #4. Dalabyggð

Vinna við verkefnið er að mestu unnin af verkefnisstjórum með aðkomu vinnuhópa á hverju svæði auk þess sem leitað er eftir umsögnum og samráðsfundum við ýmsa aðila á verkefnistímanum.

Eftirfarandi skipurit var sett upp fyrir áfangastaðaáætlun DMP á Vesturlandi:





Eftirtaldir aðilar sitja í svæðisráði fyrir Áfangastaðaáætlun DMP á Vesturlandi:

- Páll S. Brynjarsson, framkvæmdastjóri SSV (formaður ráðsins)
- Kristján Guðmundsson, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Vesturlands
- Ragna Ívarsdóttir, formaður Ferðamálasamtaka Vesturlands
- Sædís Alexía Sigmundsdóttir, verkefnastjóri ferðamála Akraneskaupstað
- Hrafnhildur Tryggvadóttir, verkefnastjóri Umhverfis- og skipulagssviði Borgarbyggð
- Þórunn Reykdal, verkefnastjóri SAGA jarðvangur
- Ragnhildur Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Svæðisgarðurinn Snæfellsnes
- Ægir Þór Þórsson, framkvæmdastjóri Summit adventure guides
- Bjarnheiður Jóhannsdóttir, ferðamálafulltrúi Dalabyggð
- Jóhannes Haukur Hauksson, oddviti Dalabyggðar og ferðaþjónustuaðili

Þessir aðilar sitja einnig í vinnuhópnum DMP, hver á sínu svæði til að tryggja upplýsingaflæði og samtál frá grasrót upp í svæðisráð.

Milli funda hjá svæðisráði er stjórn verkefnisins í höndum framkvæmdastjórnar þar sem Páll S. Brynjarsson, Kristján Guðmundsson og Margrét Björk ráða ráðum sínum um framgang verkefnisins. Margrét Björk Björnsdóttir, sem er starfandi ráðgjafi og verkefnastjóri hjá SSV er verkefnastjóri fyrir áfangastaðaáætlun DMP á Vesturlandi. Kristján Guðmundsson hjá Markaðsstofunni sinnir líka ýmsum þáttum sem lúta að samskiptum og skipulagi verkefnisins.

Vinnuhópar eru svo starfandi á hverju svæði og vinna með verkefnisstjóra að framgangi verkefnisins á sínu svæði. Í vinnuhópnum sitja eftirtaldir aðilar auk fulltrúanna sem sitja í svæðisráði:

#1. Akranes og Hvalfjarðarsveit

- Eggert Herbertsson, ferðaþjónustuaðili á Akranesi (gisting ofl.)
- Arnheiður Hjörleifsdóttir, ferðaþjónustuaðili í Hvalfjarðarsveit (ferðaþjónusta bænda, matur, menning, leiðsögn, viðburðir ofl.)
- Ella María Gunnarsdóttir, forstöðumaður safnasvæðisins á Akranesi (safnarekstur, viðburðastjórnun ofl.)
- Hlédís Sveinsdóttir, verkefna- og viðburðastjóri (matarmarkaðir, sauðamessa o.m.fl.)

#2. Borgarbyggð og Skorradalshreppur

- Hrefna Sigmarsdóttir, ferðaþjónustuaðili í Húsafelli (hótel, veitingar, sumarhús, golfvöllur, sundlaug ofl.)
- Hulda Guðmundsdóttir, ferðaþjónustuaðili Fitjum í Skorradal (menningartengd ferðaþjónusta, pílgrímsferðir ofl.)
- Brynja Brynjarsdóttir, ferðaþjónustuaðili á Hraunsnefi í Norðurárdal (gisting, veitingar, matur úr héraði ofl.)
- Sigursteinn Sigurðsson, arkitekt og virkur íbúi í Borgarnesi (skipulag, hönnun, listir, menning ofl.)

#3. Snæfellsnes ; þ.e. Eyja-og Miklaholtshreppur, Snæfellsbær, Grundarfjörður, Helgafellssveit og Stykkishólmur

- Nadine Walter, starfsmaður í Sæferðum Stykkishólmi (siglingar, afþreying, samgöngur, upplýsingagjöf ofl.)
- Sigríður Hjálmarsdóttir, markaðs- og menningarfulltrúi Grundarfjarðarbæ (viðburðir, markaðsmál, upplýsingagjöf, skipulag, styrkumsóknir, ofl.)
- Linda Björk Hallgrímsdóttir, starfsmaður Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull (landvarsla, upplýsingagjöf, skipulag, gestamóttaka, ofl.)
- Sæþór Þorbergsson, veitingaaðili á Narfeyrarstofu í Stykkishólmi (veitingasala, hráefni úr héraði ofl.)

#4. Dalabyggð.

- Halla Sigríður Steinólfsdóttir, bóndi og sögufylgja Fagradal (matur, menning, saga ofl.)
- Bogi Kristinsson, byggingatæknifræðingur Dalabyggðar (skipulag, ferðaþjónusta ofl.)
- Guðrún Björg Bragadóttir, ferðaþjónustubóndi í Hlíð (gisting, afþreying ofl.)

Auk þess er aðkoma almennings að þessu verkefni, þar sem skipulagðir eru opnir fundir á öllum svæðunum í stefnumótunarferlinu. Þar er kallað eftir aðkomu allra sem áhuga hafa til að ræða framtíðarsýn ferðamála og setja upp markmið um þróun ferðamála á Vesturlandi næstu þrjú árin.

Ákveðið var að fá utanaðkomandi aðila til að stýra þessum fundum og grófvinnu þau gögn sem frá þeim koma. Það er aðallega gert til að fá fleiri aðila og ný sjónarmið að borðinu, þar sem starfsmenn SSV og Markaðsstofunnar eru verkefnastjórar. Með þessu er leitast við að brjóta upp verkferlið til að ekki sé hætt á að verkefnisstjórnunin verði of leiðandi varðandi stefnumótun og áherslur. Signý Óskarsdóttir hjá Creatrix tók að sér að undirbúa, stýra og grófvinnu gögn af þessum fundum.



FERLI VINNUFUNDA Á SVÆÐUM:

1. fundur	2. fundur	3. fundur	4. fundur
<p>FUNDUR MEÐ VINNUHÓP HVERS SVÆÐIS</p> <p>Markmið: Stöðugreining svæðis og ferðamála</p> <p>Verkefnið kynnt, tilgangur þess og útkoma. Veltum fyrir okkur stöðu svæðisins í dag, hverjir eru helstu styrkleikar og áskoranir, ógnanir og tækifæri.</p> <p>Ath erum ekki í lausnarfasa hér</p> <p>Leiðir: Skoðum stöðuna eins og hún er á viðkomandi svæði með því að spyrja: Hvað hefur verið vel gert varðandi ferðabjónustu? og Hvað má betur fara varðandi ferðabjónustu?</p> <p>Unnið út frá eftirfarandi flokkum:</p> <p>HLUTVERK OG ÁBYRGÐ:</p> <ul style="list-style-type: none"> > OPINBERIR ADILAR > FERÐAÞJÓNUSTUAÐILAR > SAMFÉLAGIÐ > FERÐAMENN <p>Afurð fundar:</p> <p>Tilfinning fyrir hvað er til staða á svæðinu og hvað þarf að bæta. Styrkleikar og veikleikar, ógnanir og tækifæri.</p> <p>Einnig: Farið yfir vinnulag og samskiptaform vinnuhópsins ásamt skýrum línun fyrir næstu fundi.</p>	<p>OPPINN FUNDUR MEÐ VINNUHÓP HVERS SVÆÐIS</p> <p>Markmið: Framtíðarsýn svæðis</p> <p>Hvert viljum við fara / hver er framtíðarsýnin? Horfum fram á við. Hvernig viljum við sjá ferðabjónustuna þróað á svæðinu? Hvar viljum við vera eftir þrjú ár?</p> <p>Ath erum ekki í lausnarfasa hér</p> <p>Leiðir: Skoðum helstu bætti greiningar af 1. fundi og ræðum hvert við viljum stefna og hvaða áherslu á að leggja varðandi þróun ferðamála næstu þrjú ár.</p> <p>Unnið út frá eftirfarandi flokkum:</p> <p>HLUTVERK OG ÁBYRGÐ</p> <ul style="list-style-type: none"> > OPINBERIR ADILAR > FERÐAÞJÓNUSTUAÐILAR > SAMFÉLAGIÐ > FERÐAMENN <p>Afurð fundar:</p> <p>Áherslubaðir varðandi framtíðarsýn fyrir svæðið.</p>	<p>OPPINN FUNDUR MEÐ VINNUHÓP HVERS SVÆÐIS</p> <p>Markmið: Hvernig náum við framtíðarsýninni</p> <p>Hvaða leiðir viljum við fara / hvernig náum við þeirri framtíðarsýn sem laggt er upp með?</p> <p>Hér erum við í lausnarfasa</p> <p>Leiðir: Skoðum niðurstöður funda 1. og 2. Hverjar eru áherslur framtíðarsýnar. Búin til markmið og markaðar leiðir til að ná framtíðarsýninni.</p> <p>Markmiðin eru undirstaða aðgerðaáætlunar.</p> <p>Unnið út frá eftirfarandi flokkum:</p> <p>HLUTVERK OG ÁBYRGÐ</p> <ul style="list-style-type: none"> > OPINBERIR ADILAR > FERÐAÞJÓNUSTUAÐILAR > SAMFÉLAGIÐ > FERÐAMENN <p>Afurð fundar:</p> <p>SMART-markmiðasetning – áherslur og undirstaða aðgerðaáætlunar sem unnin verður á næsta fundi.</p>	<p>SAMEIGINLEGUR FUNDUR MEÐ ÖLLUM VINNUHÓPUM</p> <p>Markmið: Gerð aðgerðaáætlunar Áfangastaðaáætlunar DMP fyrir Vesturland 2018-2021.</p> <p>Sett upp gróf aðgerðaáætlun til þriggja ára sem byggir á stöðugreiningu, framtíðarsýn og markmiðum sem unnin voru á fyrri fundum.</p> <p>Hér erum við í lausnarfasa</p> <p>Leiðir: Förm yfir stöðugreiningu, framtíðarsýn og markmið og setjum upp SMART aðgerðaáætlun.</p> <p>Unnið út frá eftirfarandi flokkum:</p> <p>HLUTVERK OG ÁBYRGÐ</p> <ul style="list-style-type: none"> > OPINBERIR ADILAR > FERÐAÞJÓNUSTUAÐILAR > SAMFÉLAGIÐ > FERÐAMENN <p>Afurð fundar:</p> <p>Skýr stefna og ítarleg drög að Áfangastaðaáætlun DMP fyrir Vesturland sem styður við og stuðlar að ábyrgri þróun ferðamála á Vesturlandi.</p>
<p>VINNUFUNDUR 2. OG 3. VERDA AUGLÝSTIR OPINR FYRIR ALLA SEM ÁHUGA Hafa á að koma að þessu stefnumótunarfelli</p>			

Nú er búið að halda 1. og 2. fund á öllum svæðum. 1. fundurinn var vinnufundur með vinnuhópi DMP á hverju svæði. Þar var farið yfir stöðu ferðabjónustunnar á svæðinu og rætt hvað hefði verið vel gert og hvað mætti betur fara. Þau gögn sem söfnuðust á þessum fundum nýtast vel ásamt öðrum gögnum í SVÓT greiningu fyrir hvert svæði. 2. fundurinn var auglýstur opin fyrir alla sem áhuga hafa á ferðamálum og þróun ferðabjónustu á hverju svæði. Á þessa fundi mættu 20-25 manns á hverju svæði. Þátttakendum var skipt í hópa sem unnu saman að helstu áherslum varðandi framtíðarsýn ferðabjónustunnar og þróun hennar næstu þrjú árin. Þetta voru mjög vinnusamir og góðir fundir þar sem margt áhugavert og gagnlegt kom fram. Þessir fundir voru í nóvember og næstu fundir í janúar.

Fyrsta tilfinning varðandi niðurstöður þessara funda er að fólk er almennt mjög ánægt með þá framþróun sem hefur orðið síðastliðin ár í ferðabjónustu á Vesturlandi, bæði varðandi fjölgun ferðamanna og aukið framboð á gistingu, dægradvöl og veitingum. En betur má ef duga skal. Eins og við var að búast var mikil áhersla á að bæta þyrfti uppbyggingu og gæði innviða og grunngerðar sem lýtur að aðgengi, upplýsingum, öryggi og upplifun fólks, sem og þolmörkum náttúru og samfélags.

Í því sambandi var talað um umferð, vegi og útivistarstíga, fjarskiptasamband og raforkuöryggi, merkingar og upplýsingagjöf, almenningssamgöngur, vetrarþjónustu vega og einbreiðar brýr, löggæslu og heilbrigðisþjónustu, almennt þjónustuframboð, verðlagningu, gjaldtöku og gestrisni. Einnig var mikið rætt um dreifingu ferðamanna um landið, áherslur í markaðssetningu og mismunandi aðstæður og aðstöðu á milli staða og svæða o.m.fl.

Allt eru þetta þekkt áhersluatrið varðandi framþróun byggðar jafnt og uppbyggingu ferðabjónustu. Því þarf að greina betur og staðsetja nánar þörfina fyrir úrbætur varðandi þessa bætti á Vesturlandi. En það sem vakti athygli var mikill samhljómur á öllum þessum fundum þar sem fundamenn kölluðu eftir samtali, skilning og stýringu sem gæti skapað sátt um ferðabjónustuna í landinu. Þar sem áhersla var á að stjórnvöld þurfi að efla skilning sinn á eðli ferðabjónustunnar og þörfum.

Ákall var eftir samtali á milli ferðabjónustugreinarinnar og ráðamanna varðandi lagaumgjörð, eftirlit, stefnumótun og stýringu. Einnig eftir meira samráði á milli markaðsgeirans, ferðaskipuleggjenda og ferðabjónustuaðila. Þá var talað um aukið samtal og skilning milli samfélagsins og þjónustuaðila og ferðaskipuleggjenda. Einnig þyrfti að auka samtal og miðlun upplýsinga til ferðamanna varðandi samfélagið og lífið í landinu, hvernig Ísland væri „raunverulega“ en ekki á glansmynd og fræðslu til samfélagsins varðandi ferðabjónustuna. Þá var mikið rætt um mikilvægi þess að koma á fót virkum vettvang þar sem ferðabjónustuaðilar á Vesturlandi gætu starfað markvisst saman að vöruþróun, gæðastafi og markaðsmálum.

Rætt var um mikilvægi þess að öðlast meiri þekkingu og skilning á eðli og umfangi ferðabjónustunnar til að hægt væri að mæta þörfum greinarinnar og vinna samhent og í sátt að því að byggja upp gæða ferðabjónustu á Íslandi.

Síðast en ekki síst var svo samhljómur um að allir sem að þessari atvinnugrein kæmu þyrftu að sýna ábyrgð í verki. Það væri ekki hægt að byggja upp heilstæða atvinnugrein og stuðla að gæðum hennar ef utanumhald og umgjörð væri ekki í lagi. Stjórnvöld yrðu að setja umgjörð og reglur sem styddu við gæði og fagmennsku, og fylgja því eftir að allir störfuðu innan rammans svo ekki skapaðist ójafnvægi á markaðnum. Atvinnugreinin þyrfti að líka að hafa metnað til að veita gæðapjónustu og gera það vel. Samfélagið þyrfti að gera sér grein fyrir ávinningi sínum af ferðapjónustu og styðja við greinina með velvild, tillitssemi og framboði á vörum og stoðþjónustu sem efldi þessa atvinnugrein. Allir þyrftu svo að leggjast á eitt um að tala greinina upp en ekki niður.

Það er því mjög áhugavert að vinna áfram að þessari gagnaöflun og greiningu varðandi áherslur og stefnumótun um framþróun ferðamála á Vesturlandi.

Verkefnisáætlun og yfirlit:

DMP - 2017-2018	ÁFANGASTAÐAÁÆTLUN DMP Á VESTURLANDI															
fundaaætlun áfá-DMP Vesturlandi	mars	apríl	maí	júní	júlí	ágúst	sept.	okt.	nóv.	des.	jan.	feb.	mars	apríl		
Fundur verkefnisstjóra áfá-DMP á Íslandi	15		15	1	27		29	12	26	18		28				
Simafundur verkefnisstjóra áfá-DMP á Íslandi			23	13												
Fundur svæðisráðs áfá-DMP Vest.		6						25								
Vinnufundur áfá-DMP vinnuhópa á svæðunum - svæði 1				22						8	28			22 31		
Vinnufundur áfá-DMP vinnuhópa á svæðunum - svæði 2				22						6	20			16 31		
Vinnufundur áfá-DMP vinnuhópa á svæðunum - svæði 3				21						31	30			23 31		
Vinnufundur áfá-DMP vinnuhópa á svæðunum - svæði 4				20						9	29			17 31		
Kynning og aðkoma sveitarstjóra innan SSV				14 22									14	21. 16 20 30		
Fundur með ýmsum hagaðilum og hópum																
Fjölmiðlakynning v. áfá-DMP Vest										15 16 22 28						
Kynning á áfá-DMP Vest á opinberum vettvangi		19						30		16						
Áfangastaðaáætlun DMP á Vesturlandi 2018-2021 kynnt														★		
verkefnisáætlun áfá-DMP Vesturlandi	mars	apríl	maí	júní	júlí	ágúst	sept.	okt.	nóv.	des.	jan.	feb.	mars	apríl		
Undirbúningur verkefnis um áfá-DMP																
Hagaðilagreining vegna áfá-DMP Vest.																
Skipun í svæðisráð og vinnuhópa áfá-DMP Vest.																
Uppsætning á verkefnisáætlun fyrir áfá-DMP Vest.																
Heimsóknir, söfnun upplýsinga og gagna																
Gagnagreining og úrvinnsla																
Svæðagreining og úrvinnsla																
Markhópagreining og úrvinnsla																
Stefnumótunarkerfi																
Áætlunargerð svæða																
Kynning, umsagnir og samráðsfundir																
Samræming og samþætting greininga og áætlana																
Áfangastaðaáætlun DMP á Vesturlandi unnin																
Kynning, umsagnir, samráðsfundir og samþykkt																
Áfangastaðaáætlun DMP á Vesturlands kynnt														★		